

Heiti Las Vegas!

Fjölskylduspil

Aldur: 8+

Fjöldi leikmanna: 2 - 5

Leiktími: 30 mínútur

Innihald: 40 teningar (8 í hverjum lit), 6 spilavíti (með teningagildi 1-6), 54 peningaseðlar (5 af \$ 60.000, \$ 70.000, \$ 80.000 og \$90.000: 6 af \$ 10.000, \$ 40.000 og \$ 50.000: 8 af \$ 20.000 og \$ 30.000), 1 upphafsspil.

Hugmynd og markmið:

Hversu heppin/n ert þú í spilavítunum í Las Vegas? Það eru misháar upphæðirnar sem hægt er að vinna. Í hverri umferð ákveður þú hvar þú setur teningana þína. Þú reynir að vera betri en keppinautarnir og hámarka ágóða þinn. Gættu þín og vertu rólegur, það er snúið að ná stóra vinningnum. Gæfan getur snúið við þér bakinu.

Undirbúningur:

Setjið öll spilavítin í röð á borðið, raðið eftir teningum sem eru á þeim (tölurnar 1-6). Blandið peningaseðlunum saman, svo upphæðir liggi sem minnst saman. Svo deilið þið þeim niður á spilavítin, byrjið á því fyrsta. Hvert spilavíti fær í það minnsta \$50.000. Ef margir seðlar með sama verðmæti eru við spilavíti þá þarf að raða þeim svo fjöldi og verðmæti sjáist.

Hver leikmaður fær 8 teninga alla í sama lit. Leikmenn velja sér lit.

Sá sem er elstur fær upphafsspilið.

Gangur spilsins:

Spilaðar eru fjórar umferðir, hver spilari fær að varpa teningum fjórum til fimm sinnum. Sá sem er elstur byrjar (hann er með upphafsspilið). Spilað er réttisælis.

Sá sem á leik varpar öllum teningunum sem hann hefur (í fyrstu umferð 8 teningar og svo sífelld færri eftir því sem líður á spilið). Svo er tala sem kemur upp valin og allir teningar með því gildi settir við spilavítið með samsvarandi tölu (sú sem spilavítunum var raðað eftir). Það skiptir engu hvort þú eða annar hafi áður sett teninga við spilavítið.

Nú á næsti leik. Hann varpar teningunum sínum og setur þá við spilavíti o.s.frv. þar til allir hafa ráðstafað öllum teningunum.

Dæmi: Benni varpar teningunum (hann á 5 teninga eftir) og fær fjóra 3 og einn 5. Hann

velur 3 og setur þá alla við spilavítið *Miracle* þar sem það með samsvarandi tölu (hann gæti ekki hafa valið að setja einn, tvo eða þrjá af 3 – það verður að setja þá alla). Í næstu umferð varpar Benni síðasta teningnum og lætur hann við spilavíti með sömu tölu.

Sá sem hefur ráðstafað öllum teningunum sínum situr hjá þar til spilinu er lokið. Það getur verið að stundum sé einn eftir með teninga í síðustu umferð/unum. Þegar allir hafa ráðstafað öllum teningum sínum þá greiðir spilavítið vinninga út.

Fyrst eru öll spilavítin athuguð. Eru tveir eða fleiri með sömu tölu teninga þar (jafnmarga). Ef svo er þá þurfa þeir allir að taka alla teningana til baka. Hinir standa eftir.

Dæmi 1: Anna setti 5 teninga við spilavítið Bajazzo, Benni og Kalla settu 3 hvort og Danni setti 1 tening. Bæði Benni og Kalla taka alla teninga sína til baka.

Dæmi 2: Anna og Kalla settu báðar 2 teninga við spilavítið Gold Mine en Benni og Danni settu báðir 1 tening við það. Öll taka alla teninga til baka.

Nú er komið að því að deila peningaseðlunum frá fyrsta spilavítinu. Sá sem setti flesta teninga við spilavítið tekur alla teningana til baka (setur þá í birgðir) og fær peningaseðil með hæsta verðmætinu. Peningaseðlunum sem eftir eru er deilt á milli hinna spilaranna eftir fjölda teninga. Ef það eru ekki nógu margir seðlar handa öllum þá verður það svo að vera. Þeir síðustu fá ekki neitt. Þeir taka teningana til baka en fá enga peninga.

Ef það eru seðlar eftir þegar búið er að greiða öllum sinn hlut þá eru þeir lagðir á hvolf við hlið spilavítisins.

Greitt er úr hinum spilavítunum á sama hátt. Allir peningar sem spilarar hafa fengið í sinn hlut eru lagðir fyrir framan þá, á hvolf.

Dæmi 1: Anna fær \$ 80.000 seðil og Danni fær \$ 30.000 seðil, \$ 10.000 seðillinn er lagður á hvolf þar sem hann gengur ekki út.

Dæmi 2: Benni fær \$ 40.000 seðil, aðrir eru lagðir á hvolf.

Dæmi 3: Kalla fær \$ 70.000 og Benni fær \$ 20.000 seðil. Danni fær ekkert.

Næsta umferð:

Gætið þess að spilavítin séu með nægt fé, þau þurfa að hafa að minnsta kosti \$ 50.000 hvert.

Sá sem situr vinstra megin þann sem byrjaði hefur leik og þar með næstu umferð.

Leikslök:

Sá vinnur sem á mest eftir fjórar umferðir.

Tilbrigði við reglurnar:

2 – 4 spilarar

Allar reglur að framan gilda með eftirfarandi undantekningum:

Í upphafi hverrar umferðar fá allir 8 teninga í lit að eigin vali en að auki teninga í

hlutlausum lit sem ekki hefur verið valinn (mælt er með hvítum lit):

- með 2 spilurum, hvor spilari fær 4 hvíta teninga (= 12 í allt)
- með 3 – 4 spilurum, hver spilari fær 2 hvíta teninga (= 10 í allt)

(Þegar 3 spila þá er hlutlausu teningunum tveimur sem ganga af varpað (sá sem hefur leik gerir það) og ráðstafað áður en spilið hefst.)

Sá sem á leik varpar hlutlausu teningunum með hinum teningunum og ráðstafar þeim öllum eins.

Dæmi: Kalla fær upp tvo 1 í litnum sem hún valdi og einn hvítan/hlutlausan 1, hún fær einnig upp einn 5 í lit og hlutlausa 6. Nú getur hún valið að ráðstafa ÖLLUM teningunum með 1, eina teninginn með 5 eða hlutlausu 6.

Í lok umferðar er eins og hlutlausu teningarnir tilheyri ímynduðum spilara. Allt sem sá spilari vinnur fer til baka til bankans/spilavítisins.

Dæmi 1: \$ 80.000 seðillinn fer til hvíts/hlutlauss og þar með til bankans. Benni fær \$ 30.000 seðil.

Dæmi 2: Kalla fær \$ 70.000 seðil og hvítur/hlutlaus fær \$ 40.000 seðil (setjið hann í bankann. Anna fær ekkert.

Þýðing: Eirný Valsdóttir